

**Ed.**

**98. Frumvarp til laga**

[80. mál]

um fræðslustofnun launþega.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson, Friðjón Skarhédinsson.

**1. gr.**

Stofna skal og starfrækja Fræðslustofnun launþega. Hlutverk stofnunarinnar er að veita trúnaðarmönnum og öðru félagsfólki verkalýðsfélaga, féлага opinberra starfsmanna og annarra launþegasamtaka raunhæfa fræðslu um hlutverk slíkra samtaka í nútíma þjóðfélagi, sögu þeirra, skipulag og starfshætti. Einnig skal stofnunin veita almenna fræðslu um efnahagslíf, atvinnu- og félagsmál þjóðarinnar og aðrar greinar, er stjórn stofnunarinnar telur samrýmast tilgangi hennar. Aðsetur stofnunarinnar skal vera í Reykjavík, en umdæmi hennar allt landið.

**2. gr.**

Stofnunin skal gegna hlutverki sínu á eftirfarandi hátt:

1. Með því að reka Félagsmálaskólann, er starfa skal í stuttum eða löngum námskeiðum, er halda má á ýmsum stöðum í landinu, eftir því sem henta þykir. Kennslufni skal vera í samræmi við 1. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar Fræðslustofnunar launþega hverju sinni.
2. Með því að gangast fyrir almennu fræðslustarfi, t. d. fyrirlestraferðum, öflun og sýningu myndræma, skuggamynda eða kvikmynda, útgáfu fræðslurita, blaða og bóka, stofnun og rekstri bókasafns viðkomandi verkefni stofnunarinnar, samvinnu við blöð og útvarp.

**3. gr.**

Stjórn Fræðslustofnunar launþega skipa fimm menn. Skulu þrír þeirra kjörnir af miðstjórn Alþýðusambands Íslands, einn kjörinn af stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og einn skipaður af menntamálaráðherra. Stjórnin kys sér formann. Stjórnin skal kjörin til fjögurra ára í senn.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, er jafnframt sé skólastjóri Félagsmálaskólans, svo og annað starfslið og setur því erindisbréf.

Stjórn stofnunarinnar semur reglugerð um starfsemi Fræðslustofnunar launþega, en staðfest skal hún af menntamálaráðherra.

4. gr.

Kostnaður við stofnunina greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til hennar á fjárlögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförunum þingum hefur mikið verið rætt um almenna fræðslu til aukins skilnings á högum og háttum íslenzkra verkalýðssamtaka, tilgangi þeirra og starfsháttum, m. a. til þess að auðvelda samskipti vinnuseljenda og atvinnurekenda, og flutt hafa verið frumvörp og þingsályktunartillögur um þessi efni.

Frumvörp um verkalýðsskóla hafa áður verið lögð fram á Alþingi, og í mál-efnasamningi vinstri stjórnarinnar svonefndu var stofnun slíks skóla heitið. Er flutningsmönnum kunnugt, að menntamálaráðuneytið hefur safnað víðtækum gögnum til undirbúnings þvi máli. Engin ákvörðun mun þó hafa verið tekin um framkvæmdir.

Með flutningi þáltill. 1958 var máli þessu hreyft á nokkuð öðrum grundvelli en áður hefur verið gert á Alþingi, þar sem gert er ráð fyrir almennri fræðslustofnun í stað venjulegs skóla. Þykir flutningsmönnum ólíklegt, að enn sé grundvöllur fyrir verkalýðsskóla hér á landi, og óvíst, að nemendur fái til að setjast á skólabekk í 1—2 vetur til að búa sig undir störf, sem hljóta með fáum undantekningum að verða ólaunuð aukastörf. Þykir slík stofnun sem hér er gert ráð fyrir mun líklegri til árangurs, enda gæti hún strax og aðstæður leyfa haldið námskeið, er næðu tilgangi áðurnefndrar skólahugmyndar.

Fyrirmyndir að slíkri fræðslustofnun launþega má finna víða um heim, og er höfuðþáttur í starfi þeirra að efna til stuttra og langra námskeiða, oft í nánú samstarfi við ýmsa skóla. Hér á landi mætti halda slík námskeið að sumarlagi í skóla- byggingum um land allt, bæði í sveit og bæ, og vafalaust tengja sum þeirra námskeiða við orlof. Stutt námskeið, 1—3 daga, fara mjög í vöxt erlendis. Einnig mætti halda margra vikna námskeið, t. d. í samvinnu við háskólann, er þörf reynist fyrir þau.

Þá mundi fræðslustofnun launþega senda fyrirlesara um land allt til að mæta á fundum launþegasamtaka. Þyrfti stofnunin í því sambandi að eignast myndræm- ur, skuggamyndir og kvikmyndir til stuðnings fyrirlesturum eða til sjálfstæðra sýninga.

Enn er hugsanlegt, að fræðslustofnunin gefi út í samvinnu við heildarsamtök launþega ýmiss konar fræðslurit, blöð og jafnvel bækur, er stuðla að takmarki stofnunarinnar. Bókasafn þarf hún sjálf að eignast, er fram líða stundir, og safna þar sem flestum heimildum um sögu og starf launþegasamtaka hér á landi og erlendis.

Æskilegt væri, að launþegasamtökin gætu sjálf annast þá fræðslu, sem hér ræðir um, en þau hafa ekki bolmagn til slíks starfs í nægilega stórum stíl. Hins vegar er það þjóðfélagsleg nauðsyn, að starfsemi launþegasamtaka sé sem farsælust og þau nái höfuðtilgangi sínum, að bæta kjör félagsmanna sinna, eftir því sem efni standa til og án þess að mikil vinna og verðmæti tapist í verkföllum. Örugasta leiðin til að ná slíku marki er aukinn félagsþroski og skilningur á heilbrigðu hlutverki og starfsháttum samtakanna. Fræðslustofnun eins og sú, sem hér er lagt til að koma á fót, gæti lagt fram þýðingarmikinn skerf í þá átt.